

# Knattspyrnulögin 2026/27

## Lagabreytingar

### Yfirlit lagabreytinganna

#### 3. grein – Leikmennirnir

- Fjöldi varamanna sem skipta má inn á í vináttuleikjum A-landsliða er aukinn í átta, eða í ellefu ef bæði lið eru því sammála og tilkynna dómaranum um það fyrirfram. Hins vegar gilda áfram takmarkanirnar um einungis þrjár leikstöðvanir til skiptinganna fyrir hvort lið.
- Tíu sekúndna tímamörk fyrir leikmenn til þess að yfirgefa leikvöllinn þegar þeim er skipt út af. Ef farið er yfir tímamörkin fær varamaðurinn ekki að fara inn á fyrr en eftir fyrstu leikstöðvun eftir að ein mínúta er liðin.
- *‘Einungis fyrirliðinn’ verklagsreglurnar verða gerðar að skyldu í öllum mótum frá og með 1. júlí 2027 – þessum upplýsingum hefur nú verið bætt við verklagsreglurnar (er þegar í gildi á Íslandi).*

#### 4. grein – Búnaður leikmanna

- Aukahlutir eru heimilaðir ef þeir skapa ekki hættu og eru vel og örugglega huldur.

#### 5. grein – Dómarinn

- Mótastjórnnum er heimilt að nýta tæknina til þess að hjálpa dómaranum að taka/breyta ákvörðunum í samræmi við VAR verklagsreglurnar, boltinn í/úr leik (þ.m.t. marklínutækni) og rangstöðu (þ.m.t. hálf-sjálfvirka rangstöðutækni).
- Áréttað að heimilt sé að beita hagnaðarreglunni í kjölfar þess að leikur hafi ekki verið hafinn að nýju á réttan hátt og boltinn er í leik.
- Með nokkrum undantekningum þurfa leikmenn sem fá mat/meðhöndlun meiðsla sinna inni á leikvöllinum, eða verða til þess að stöðva þarf leikinn vegna meiðsla þeirra, að yfirgefa völlinn og dvelja utan hans í eina mínútu eftir að leikur hefur verið hafinn að nýju.
- VAR má gera athugasemd við:
  - rautt spjald sem gefið er í tengslum við augljóslega rangt seinna gula spjaldið.
  - að leikmanni sé sýnt rauða eða gula spjaldið þegar brotið var framið af öðrum leikmanni hvors liðsins sem er.
  - ranglega dæmda hornspyrnu, að því tilskyldu að hægt sé að breyta ákvörðuninni strax og án þess að “endurræsing” leiksins tefjist við það (lagt í hendur mótastjórna að ákveðja hvort þessi möguleiki sé notaður).
- Mótastjórnnum er heimilt að útbúa dómarana, aðstoðardómarana og fjórða dómara með bókmyndavélum.
- Aukahlutir eru heimilaðir ef þeir skapa ekki hættu

#### 6. grein – Hinir í dómarateyminu

- Viðbætur við atvik sem VAR er heimilt að skoða.

**8. – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju**

- Textanum um þegar boltinn er látinn falla er breytt til að árétta að ákvæðið um að liði sem hefði náð valdi á boltanum eigi líka við um ef það sé liðið sem hefði átt að hefja leik að nýju í tilvikum þar sem boltinn hefði farið úr leik. Þegar truflun verður að hálfu meðlims dómarateymisins eða utanaðkomandi aðila (eitthvað óviðkomandi leiknum) er boltinn látinn falla þar sem truflunin átti sér stað.

**10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast**

- Staðfesting á fyrirmælum 31. dreifibréfs IFAB um “tvær óviljandi snertingar” við töku vítaspyrna (einnig í vítaspyrnukeppni).
- Fellt niður ákvæðið um skilyrðislausu áminningu (GS) á spyrnandann í tilvikum þar sem bæði hann og markvörðurinn brjóta af sér samtímis.

**12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun**

- Engin áminning (GS) fyrir RUPL brot ef hagnaði er beitt og mark er skorað.
- Skírskotun til ‘sóknarmanna’ bætt við listann yfir það sem hafa þarf í huga við ákvörðun um hvort um RUPL sé að ræða.

**14. – Vítaspyrna**

- Staðfesting á fyrirmælum 31. dreifibréfs IFAB um “tvær óviljandi snertingar” við töku vítaspyrna.
- Fellt niður ákvæðið um skilyrðislausu áminningu (GS) á spyrnandann í tilvikum þar sem bæði hann og markvörðurinn brjóta af sér samtímis.

**15. grein – Innkast**

- Beitt verður fimm sekúndna sýnilegri niðurtalningu ef leikmaður/lið tefur við töku innkasts. Ef farið er yfir tímamörkin er innkastið dæmt mótherjunum.

**16. grein – Markspyrna**

- Beitt verður fimm sekúndna sýnilegri niðurtalningu ef leikmaður/lið tefur við töku markspyrnu. Ef farið er yfir tímamörkin er mótherjunum dæmd hornspyrna.

**Vídeó-aðstoðardómara (VAR) verklagsreglurnar**

- Gera má athugasemd við rautt spjald sem gefið er í framhaldi af augljóslega röngu seinna gula spjaldinu.
- Gera má athugasemd við þegar leikmanni er sýnt gula/rauða spjaldið þegar brotið, sem spjaldið vera sýnt fyrir, var framið af öðrum leikmanni annars hvors liðsins.
- Mótastjórnnum geta nýtt sér heimild til þess að endurskoða hornspyrnur sem greinilega hafa verið ranglega dæmdar, að því tilskyldu að hægt sé að leiðrétta ákvörðunina strax og án þess að “endurræsing” leiksins tefjist við það.

## Breytingarnar í smáatriðum

Nýr texti = dómari Texta eytt = ~~dómari~~  
Orðalagsbreytingar ritstjórnar eru undirstrikaðar

### 3. grein – Leikmennirnir

#### 2. Fjöldi skiptinga

##### Breyttur texti

##### Aðrir leikir

Í leikjum A-landsliða má að hámarki tilgreina fimmtán varamenn á leikskýrslu, en af þeim má nota ~~sex~~ átta hið mesta, nema bæði lið samþykki að nota megi fleiri, að hámarki ellefu, og að dómaranum sé tilkynnt um það fyrir leikinn. Jafnframt gilda þá þær takmarkanir og aðferðir sem gilda um leikstöðvanir til skiptinga í opinberum mótum.

##### Skýring

Fjöldi varamanna sem skipta má inn á í vináttuleikjum A-landsliða er aukinn í átta, eða í ellefu ef bæði lið eru því sammála og tilkynna dómaranum um það fyrirfram. Hins vegar gilda áfram takmarkanirnar um einungis þrjár leikstöðvanir til skiptinganna fyrir hvort lið.

### 3. grein – Leikmennirnir

#### 3. Framkvæmd leikmannaskipta

##### Viðbótartexti

(...)

Þegar skipta skal varamanni inn á fyrir leikmann, skal farið eftir “Verklagsreglum um tímamörk til skiptinga” og eftirfarandi skilyrða gætt:

- upplýsa verður dómara áður en fyrirhuguð leikmannaskipti fara fram.
- leikmaðurinn sem skipta skal út af:
  - fær heimild dómara til þess að yfirgefa völlinn, sé hann ekki þegar utan vallar, og verður að gera það við næstu útlínu vallarins, nema dómari gefi til kynna að leikmaðurinn megi fara hratt og strax af velli við miðlínuna eða á öðrum stað (t.d. vegna öryggis eða meiðsla).
  - verður að yfirgefa leikvöllinn innan tíu sekúndna frá því að skiptisgjafi fer á loft, eða þar sem það er ekki notað, eftir merkjaqjöf dómara þar að lútandi. Undantekning er ef þetta reynist ekki unnt af öryggis/fyrirbyggjandi ástæðum eða meiðsla.
  - verður að fara strax á boðvanginn eða til búningsherbergis og tekur ekki frekari þátt í leiknum, nema í leikjum þar sem endurteknar skiptingar eru leyfðar.

Þegar fleiri en ein skipting fer fram í sömu leikstöðvun, ber öllum leikmönnum sem skipta á af leikvelli að yfirgefa völlinn innan tíu sekúndna frá því að síðasta skiptingin er kunngerð.

### 3. grein – Leikmennirnir

#### 5. Brot og refsíákvæði

##### Viðbótartexti

(...)

Ef leikmaðurinn hefur ekki yfirgefið leikvöllinn innan tíu sekúndna, að frátöldum þeim tilvikum þar sem það er ekki mögulegt af öryggisástæðum eða vegna meiðsla, skal:

- leikmaðurinn engu að síður fara af velli, en einungis hljóta áminningu ef hann tefur endurræsinu leiksins óhóflega umfram tíu sekúndurnar.
- varamaðurinn ekki fá heimild til þess að fara inn á leikvöllinn.
- leikur hafinn að nýju.
- hvorki hægt að hætta við skiptinguna né breyta ákvörðuninni um varamanninn.
- varamaðurinn einungis fá að fara inn á leikvöllinn við fyrstu leikstöðvun eftir að ein mínúta er liðin frá því að leikur var hafinn að nýju og hafa fengið til þess heimild dómarans.

Ef önnur brot eru framin á þessari lagagrein:

- (...)

### Skýring

Til að hamla gegn leiktöfum ber leikmanninum sem skipta á af leikvelli að yfirgefa hann innan tíu sekúndna frá því að skiptisþjaldið fer á loft, eða þar sem það er ekki notað, við merkjagjöf dómarans um að skiptingin skuli fara fram. Ef leikmaðurinn hefur ekki yfirgefið völlinn innan þessara tíu sekúndna ber honum engu að síður að yfirgefa leikvöllinn, en án þess þó að varamaðurinn fái heimild til þess að fara inn á fyrr en við fyrstu leikstöðvun eftir að ein mínúta (klukkan ekki stöðvuð) er liðin frá því að leikur var hafinn að nýju.

## 3. – Leikmennirnir

### 10. Fyrirliði

#### Skýring

Í ljósi almennrar gildistöku og góðs stuðnings við “Einungis fyrirliðinn” leiðbeiningarnar verða þær gerðar að skyldu í öllum mótum þar sem keppni hefst 1. júlí 2027 eða síðar. Þannig gefst tími til þess að undirbúa og mennta dómara og aðra þátttakendur í mótunum. Því er upptaka þessara leiðbeininga hér kynnt með fyrirvara í inngangi 2026/27 útgáfu knattspyrnulaganna (var tekið upp á Íslandi 2025).

## 4. – Búnaður leikmanna

### 1. Öryggi

#### Breyttur texti

Leikmaður má ekki nota búnað eða klæðast neinu því sem er hættulegt.

~~Allir skartgripir (hálsmen, hringar, armbönd, eyrnalokkar, leðurólar, gúmmíteygjur o.s.frv.) eru bannaðir og ber að fjarlægja. Notkun vafninga (límbands) til að hylja skartgripir er ekki heimil.~~  
Aukahlutir eru heimilaðir svo fremi sem þeir séu ekki hættulegir og séu vel og vendilega huldir (vafningi/límbandi). Fjarlægja ber alla hættulega hluti og óheimilt er að líma yfir þá eða hylja með öðrum hætti.

Skoða ber útbúnað leikmanna fyrir upphaf leiks og varamanna áður en þeir fara inn á leikvöllinn. Ef leikmaður klæðist eða notar óheimilan/hættulegan búnað eða ~~skartgripir~~ aukahluti skal dómari skipa leikmanninum að:

- (...)

## Skýring

Að tala um „skartgripi“ getur verið ruglandi þar sem sumt af þeim búnaði sem tilgreindur er í lögnum telst ekki til skartgripa. Bann við skartgripum olli hins vegar árekstrum og var ekki framfylgt með samræmdum hætti. Með því var einnig litið framhjá menningarlegum, trúarlegum, læknisfræðilegum og persónulegum ástæðum þess að bera ákveðna hluti. Áherslan er því sett á að bera megi hættulausa aukahluti að því gefnu að þeir séu vel og vendilega huldur (vafningi/límbandi), en að hættulegur búnaður verði áfram bannaður (sjá ennfremur 5. grein – Dómarinn).

## 5. grein – Dómarinn

### 2. Ákvarðanir dómars

#### Viðbótartexti

*Dómarinn gerir sitt besta til þess að taka ákvarðanir (...) og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum.*

Mótastjórnnum er heimilt að nýta tæknina til þess að hjálpa dómaranum að taka/breyta ákvörðunum sínum með hliðsjón af:

- VAR-verklagsreglunum.
- boltinn í/úr leik, þ.m.t. með notkun marklínutækninnar (GLT).
- rangstöðu, þ.m.t. með notkun hálf-sjálfvirku rangstöðutækninnar (SAOT).

*Úrskurðir dómars varðandi atvik leiksins (...)*

## Skýring

Felld eru inn í 5. grein laganna ákvæði sem heimila notkun tækninnar (þ.m.t. vídeó endursýninga), en þar með er annars konar notkun dómara á tækninni sér til aðstoðar jafnframt bönnuð.

## 5. grein – Dómarinn

### 3. Völd og skýldur

#### Viðbótartexti

#### Hagnaður

- *Dómarinn lætur leikinn halda áfram þegar liðið sem brotið hefur verið á hefur af því hagnað, eða þegar leikurinn er endurræstur með rönqum hætti og boltinn sé í leik, og ~~liðið sem ekki braut~~ mótherjarnir hafa af því hagnað, og refsar fyrir brotið/lætur hefja leik að nýju ef hinn vænti hagnaður fylgir ekki strax í kjölfarið eða innan nokkurra sekúndna.*

## Skýring

- *Áréttað að heimilt sé að beita hagnaðarreglunni í kjölfar þess að lið hafi ekki hafið leik að nýju á réttan hátt (aukaspyrna, innkast o.s.frv.) og mótherjinn náð valdi á boltanum.*

## 5. grein – Dómarinn

### 3. Völd og skyldur

#### Breyttur texti

Dómarinn:

(...)

#### Meiðsli

- lætur leikinn halda áfram þar til boltinn er úr leik ef leikmaður er eingöngu lítillega meiddur.
- stöðvar leik eingöngu ef leikmaður er alvarlega meiddur og tryggir að hann sé færður af leikvellingum. Ekki er heimilt að meðhöndla meiðsli leikmanns inni á leikvellingum og þar sem meiðsli verða til þess að leikur sé stöðvaður eða endurræsing hans tafin, verður hinn meiddi leikmaður að yfirgefa leikvöllinn, og má eingöngu koma inn á aftur einni mínútu eftir að leikur hefur verið hafinn að nýju;\*. Ef boltinn er í leik er honum eingöngu heimilt að koma inn á frá hliðarlínunum vallarins, en sé boltinn ekki í leik er honum það heimilt hvaðan sem er. Einu undantekningarnar frá kröfunni um að meiddur leikmaður skuli yfirgefa völinn vegna og/eða eftir meðhöndlun eru **einungis** þegar:
  - markvörður er meiddur.
  - (...)
  - leikmaður verður fyrir meiðslum vegna líkamlegs brots sem leiðir til áminningar eða brottvísunar mótherja (t.d. skeytingarlaus eða alvarlega grófur leikur), ~~en hann má fá stutta skoðun/aðhlyningu inni á leikvellingum.~~

\*Sjá 'Tafir vegna mats og meðhöndlunar meiðsla - verklagsreglur', sem er að finna í fylgiskjali með lögnum og hafa lagaígildi.

#### Skýring

- Meiddur leikmaður, sem fær mat/meðhöndlun meiðslanna inni á leikvellingum, eða sem verður til þess að leikurinn er stöðvaður, verður að fara af leikvelli, og dvelja utan hans í eina mínútu (klukkan ekki stöðvuð) frá því að leikur var hafinn að nýju. Dómari má síðan heimila honum að koma aftur inn á meðan boltinn er í leik. Ítarlegar verklagsreglur um framkvæmdina á þessu er að finna í sérstöku fylgiskjali með knattspyrnulögunum (og hafa þær lagaígildi).
- Ef meiðsli eru af völdum líkamlegs brots mótherja sem refsað er fyrir með GS eða RS, þarf leikmaðurinn ekki að yfirgefa völinn, jafnvel þó matið/meðhöndlunin taki nokkurn tíma.

## 5. grein – Dómarinn

### 5. Búnaður dómara

#### Breyttur texti

#### Annar búnaður

Dómurum er heimilt að nota:

- (...)
- Búkmyndavélar sem mótastjórnir útvega, hafa fullt vald yfir upptökunum og fara eftir viðeigandi leiðbeiningum. Myndavélararnar mega vera búnar hljóðnemum, en óheimilt er að senda út samskiptin við vídeó-aðstoðardómarann (VAR). Viðkomandi yfirvöld hafa heimild til þess að nýta upptökurnar (mynd og hljóð) í tenqslum við aqamál.

Dómurum og öðrum í 'innanvallar aðstoðarteymum' þeirra er óheimilt að ~~bera skartgrip~~ ~~eða nota~~ hvers konar annan rafrænan búnað, þ.m.t. myndavélar, nema búkmyndavélar eins og útlistað er hér að ofan. Þeim er heimilt að bera aukahluti að því gefnu að þér séu ekki hættulegir.

#### Skýring

- Mótastjórnnum er heimilt að útbúa dómara, aðstoðardómara og fjórðu dómara með búkmyndavélum að því gefnu að þær útvegi myndavélnar sjálfar og hafi fullt vald yfir upptökunum (til þess að koma í veg fyrir aðra/óheimila notkun dómara). Myndavélnar mega vera búnar hljóðnemum, en óheimilt er að senda út samskiptin við VAR. Viðkomandi yfirvöld hafa heimild til þess að nota hljóð- og/eða myndupptökurnar í tengslum við agamál.
- Til viðbótar við skyldubúnað dómara og annan leyfðan viðbótarbúnað hans, er þeim nú heimilt að bera aukahluti að því gefnu að þeir séu hættulausir og að þeir séu vel og vendilega huldur (vafningi/límbandi).

## 8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

### 2. Boltinn látinn falla

#### Breyttur texti

#### Aðferð

- Ef, þegar leikur var stöðvaður:
  - (...)
  - boltinn var utan vítateigs, lætur dómari hann falla hjá leikmanni liðsins sem ~~hefur vald á eða~~ hefði haldið eða náð valdi á boltanum (þ.m.t. úr endurræsinqu leiksins ef boltinn hefði farið úr leik), eða hefði að máti dómars augljóslega náð valdi á boltanum. Annars er boltinn látinn falla hjá leikmanni liðsins sem síðast snerti hann. Boltinn er látinn falla á þeim stað sem hann var þegar leikur var stöðvaður, nema hann fari í meðlim dómarateymisins eða eitthvað utanaðkomandi, en þá er hann látinn falla þar sem truflunin/snertingin átti sér stað.
- (...)

#### Skýring

- Meginreglan er sú að boltinn sé látinn falla hjá liðinu sem hefði haldið/náð valdi á boltanum ef leikur hefði ekki verið stöðvaður, sem á því einnig við um liðið sem hefði hafið leik að nýju ef boltinn hefði farið úr leik.
- Ef leikur er stöðvaður vegna þess að boltinn fór í meðlim dómarateymisins eða eitthvað utanaðkomandi, er boltinn látinn falla á þeim stað sem snertingin við boltann átti sér stað.

## 10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast

### 3. Vítaspyrnur (vítaspyrnukeppni)

#### Breyttur texti

#### Aðferð

#### Á meðan á vítaspyrnukeppninni stendur

- (...)

- *Spyrnan telst vera yfirstaðin (...). Spyrnandinn má ekki leika boltanum öðru sinni viljandi.*
- *Ef spyrnandinn leikur boltanum óviljandi með báðum fótum í einu, eða boltinn snertir stöðufót/(legg) hans strax eftir spyrnuna:*
  - *ef boltinn fer í markið úr spyrnunni, er hún endurtekin.*
  - *ef boltinn fer ekki í markið úr spyrnunni, telst hún hafa misfarist.*
- (...) *~~ef bæði markvörðurinn og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma er spyrnan skráð sem ógild og spyrnandinn áminntur.~~*

### Skýring

Staðfesting á fyrirmælum 31. dreifibréfs IFAB um tvær óviljandi snertingar spyrnandans við töku vítaspyrna. Jafnframt er fellt niður ákvæðið um áminningu (GS) á spyrnandann þegar bæði hann og markvörðurinn brjóta af sér á sama tíma.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

### 4. Agarefsingar

#### Viðbótartexti

#### Hagnaður

*Ef dómari beitir hagnaðarreglunni vegna brots (...). Ef, hins vegar, brotið fólst í því að ræna mótherjana upplögðu marktækifæri, þá ber að áminna leikmanninn fyrir óíþróttamannslega framkomu, nema þegar haqnaðurinn leiðir til þess að mótherjar hans skori mark, en þá er enqri agarefsingu beitt. Ef brotið fólst í því að trufla eða stöðva vænlega sókn er leikmaðurinn ekki áminntur.0*

### Skýring

Ef dómari beitir hagnaðarreglunni fyrir RUPL-brot og mark er skorað í kjölfarið er hinn brotlegi leikmaður hvorki áminntur né honum vikið af velli (ekkert spjald gefið).

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

### 4. Agarefsingar

#### Breyttur texti

#### Áminningar fyrir óíþróttamannslega framkomu

*Það geta verið mismunandi ástæður fyrir því að áminna beri leikmann fyrir óíþróttamannslega framkomu, þ.m.t. ef leikmaður:*

- (...)
- *handleikur boltann til þess að reyna að skora mark (óháð því hvort tilraunin heppnist eða ekki) ~~eða í misheppnaðri tilraun til þess að koma í veg fyrir mark.~~*

### Skýring

Engin áminning er gefin ef dómariinn beitir hagnaði er leikmaður reynir árangurslaust að koma í veg fyrir mark með hönd(um)/handlegg(jum) sínum.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

### 4. Agarefsingar

#### Breyttur texti

*Að tefja að leikur geti hafist að nýju*

Dómurum ber að áminna leikmenn sem tefja óhóflega að leikur geti hafist að nýju, p.m.t. eins og útlitað er í lagagreinum 3, 15 og 16 og þeim verklagsreglum sem þeim tengjast, eða með því að:

- ~~• virðast ætla að taka innkast en eftirláta það skyndilega samherja sínum.~~
- ~~• tefja för sína af leikvelli við leikmannaskipti.~~
- ~~• vera óhóflega lengi við að hefja leik að nýju.~~
- spyrna eða bera boltann burtu, eða storka til átaka með því að snerta boltann viljandi eftir að dómari hefur stöðvað leikinn.
- taka aukaspyrnu frá röngum stað til þess að þvinga fram endurtekningu spyrnunnar.

### Skýring

Þar sem dómari hefur það nú í valdi sínu að refsa liði fyrir að tefja við töku innkasts með því að dæma hinu liðinu innkastið, og fyrir að tefja við töku markspyrnu með því að dæma hinu liðinu hornspyrnu, er það talin nægileg refsing, nema ef tafatilburðir leikmannsins/leikmannanna teljist óhóflegir.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

### 4. Agarefsingar

#### Viðbótartexti

#### Neitað um mark eða upplagt marktækifæri (RUPL)

(...)

Hafa ber eftirfarandi í huga:

- fjarlægðina milli brotstaðar og marksins.
- stefnu leiksins (sóknaraðgerðarinnar).
- líkunum á að halda, eða ná valdi á, boltanum.
- staðsetningu og fjölda varnarmanna og sóknarmanna.

### Skýring

Staðsetningu og fjölda sóknarmanna er nú bætt við atriðin sem hafa ber í huga við mat á RUPLi þar sem það getur einnig hjálpað til við að ákveða hvort upplagt marktækifæri sé til staðar.

## 14. grein – Vítaspyrna

### 2. Brot og refsíákvæði

#### Breyttur texti

**Ef eitthvað af eftirtöldu á sér stað áður en boltinn er kominn í leik:**

- spyrnandinn leikur boltanum óviljandi með báðum fótum í einu, eða boltinn snertir stöðufót(legg) hans strax eftir spyrnunna:
  - ef boltinn fer í markið úr spyrnunni, er hún endurtekin.
  - ef boltinn fer ekki í markið úr spyrnunni, er dæmd óbein aukaspyrna.
- (...)
- ~~• bæði markvörðurinn og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma er spyrnandinn áminntur (gult spjald) og leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu tekinni af varnarliðinu.~~

**Ef, eftir töku vítaspyrnu:**

- spyrnandinn snertir boltann viljandi að nýju áður en hann hefur snert annan leikmann:

- er dæmd óbein aukaspyrna (eða bein aukaspyrna fyrir leikbrotið hendi).

### Skýring

Staðfesting á fyrirmælum 31. dreifibréfs IFAB um tvær óviljandi snertingar spyrnandans við töku vítaspyrnu. Jafnframt er því fellt niður ákvæðið um sjálfkrafa áminningu spyrnandans í tilvikum þar sem bæði hann og markvörðurinn brjóta af sér samtímis.

## 15. grein – Innkast

*Innkast er dæmt mótherjum þess leikmanns sem síðast snertir boltann áður en hann fer allur yfir hliðarlínuna, hvort heldur með jörðu eða á lofti, eða þegar dómari refsar leikmanni fyrir að tefja töku innkasts fyrir lið sitt.*

### 2. Brot og refsíákvæði

*Ef leikmaður tefur töku innkasts fyrir lið sitt með óheiðarlegum hætti mun dómariinn flauta og gefa merki um að hafin sé fimm sekúndna niðurtalning. Dómariinn mun telja niður fimm sekúndurnar með sýnilegum hætti með uppréttum handlegg og ef innkastið hefur ekki verið tekið við lok niðurtalningarinnar er það dæmt mótherjunum. Hinn brotlegi leikmaður er einungis áminntur ef hann tekur töku innkastsins óhóflega eftir að það hefur verið dæmt mótherjunum.\**

*Ef boltinn er kominn í leik (...)*

*\*Sjá ‘Niðurtalning við innköst og markspyrnur - verklagsreglur’.*

*(Sem er að finna í fylgiskjali með lögunum og hafa lagaðildi.)*

### Skýring

Bætt er við ákvæði til að forðast tafir við innköst. Ef lið tefur töku innkasts viljandi blæs dómariinn í flautu sína, gefur merki um að taka skuli innkastið og hefur síðan sýnilega fimm sekúndna niðurtalningu. Hafi innkastið ekki verið tekið við lok niðurtalningarinnar er það dæmt mótherjunum.

## 16. grein – Markspyrna

### 2. Brot og refsíákvæði

*Ef leikmaður tefur töku markspyrnu fyrir lið sitt með óheiðarlegum hætti mun dómariinn flauta og gefa merki um að hafin sé fimm sekúndna niðurtalning. Dómariinn mun telja niður fimm sekúndurnar með sýnilegum hætti með uppréttum handlegg og ef markspyrnan hefur ekki verið tekin við lok niðurtalningarinnar er mótherjunum dæmd hornspyrna. Hinn brotlegi leikmaður er einungis áminntur ef hann tefur töku hornspyrnunnar óhóflega eftir að hún hefur verið dæmd mótherjunum.\**

*Ef spyrnandinn snertir boltann aftur (...)*

*\*Sjá ‘Niðurtalning við innköst og markspyrnur - verklagsreglur’.*

*(Sem er að finna í fylgiskjali með lögunum og hafa lagaðildi.)*

### Skýring

Bætt er við ákvæði til að forðast tafir við töku markspyrna. Ef lið tefur töku markspyrnu viljandi blæs dómariinn í flautu sína, gefur merki um að taka skuli markspyrnuna og hefur síðan sýnilega fimm sekúndna niðurtalningu. Hafi markspyrnan ekki verið tekin við lok niðurtalningarinnar er mótherjunum dæmd hornspyrna.

## 17. grein – Hornspyrna

Hornspyrna er dæmd þegar:

- allur boltinn fer yfir marklínuna, með jörðu eða á lofti, eftir að hafa síðast snert leikmann varnarliðsins og mark ekki skorað (sjá einnig lagagreinar 8, 12, 13, 15 og 16).
- dómarinn refsar:
  - markverðinum fyrir að hafa vald á boltanum með hönd(um)/handlegg(jum) sínum í meira en átta sekúndur.
  - leikmanni fyrir að tefja við töku markspyrnu fyrir lið sitt.

### Skýring

Dæma má hornspyrnu þegar dómarinn refsar markverði fyrir að halda boltanum of lengi eða liði fyrir að tefja við töku markspyrnu.

## Orðalagsbreytingar ríttjómar

### 5. grein – Dómarinn

#### Ýmsar breytingar

- Ný bending sem dómari notar til að reka á eftir töku innkasts.
- Breitt táknmynd fyrir vítaspyrnu sem sýnir dómarann að blása í flautu sína.
- Breitt táknmynd fyrir hornspyrnu sem sýnir dómarann að blása ekki í flautu sína.

### 6. grein – Hinir í dómarateyminu

- Nýtt tákn sem sýnir bendingu sem aðstoðardómari notar til að gefa innkast til kynna.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

### 4. Agarefsingar

#### Áminningarverð leikbrot

Leikmaður skal áminntur ef hann gerist sekur um:

- að tefja að leikur geti hafist að nýju (eins og útlistað er hér að neðan í 'Að tefja að leikur geti hafist að nýju')
- (...)

## 14. grein – Vítaspyrna

### 2. Brot og refsíákvæði

Ef eitthvað af eftirtölu á sér stað áður en boltinn er kominn í leik:

(...)

- leikmaðurinn sem tekur spyrnuna, eða samherji hans, brýtur knattspyrnulögin:
  - ef boltinn fer í markið úr spyrnunni, er spyrnan endurtekin.
  - boltinn fer ekki í markið úr spyrnunni, stöðvar dómarinn leikinn og leikur hefst að nýju með óbeinni aukaspyrnu.

(...)

- markvörðurinn brýtur af sér:

- ef boltinn fer í markið úr spyrnunni, er markið staðfest.  
(...)
- samherji markvarðarins brýtur af sér:
  - ef boltinn fer í markið úr spyrnunni, er markið staðfest.
  - ef boltinn fer ekki í markið úr spyrnunni, er spyrnan endurtekin.

- **Yfirlitstaflan hefur verið uppfærð**

### 3. Yfirlitstafla (uppfærð)

#### Niðurstaðan úr vítaspyrnunni

	Mark skorað úr spyrnunni	Mark ekki skorað úr spyrnunni
<b>Þjófstart sóknarmann(s)(a) eingöngu</b>	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: mark	Áhrif: óbein aukaspyrna Engin áhrif: ekki endurtekin
<b>Þjófstarf varnarmann(s)(a) eingöngu</b>	Áhrif: mark Engin áhrif: mark	Áhrif: spyrnan endurtekin Engin áhrif: ekki endurtekin
<b>Þjófstart leikmann(s)(a) beggja liða</b>	Áhrif leikmanna beggja liða: spyrnan endurtekin Áhrif varnarmann(s)(a) eingöngu: mark Áhrif sóknarmann(s)(a) eingöngu: spyrnan endurtekin Engin áhrif: mark	Áhrif leikmanna beggja liða: spyrnan endurtekin Áhrif varnarmann(s)(a) eingöngu: spyrnan endurtekin Áhrif sóknarmann(s)(a) eingöngu: ekki endurtekin Engin áhrif: ekki endurtekin
<b>Brot markvarðar eingöngu</b>	Mark	Ekki varin: spyrnan ekki endurtekin (nema spyrnandinn sé greinilega truflaður) Varin: spyrnan endurtekin og tiltal á markvörðinn; áminning fyrir öll slík endurtekin brot
<b>Markvörður og spyrnandinn brjóta af sér á sama tíma</b>	<del>Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann</del> Spyrnan endurtekin nema spyrnandinn brjóti af sér sbr. hér að neðan	<del>Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann</del> Spyrnan endurtekin nema spyrnandinn brjóti af sér sbr. hér að neðan
<b>Tvöföld snerting spyrnandans</b>	Óviljandi: spyrnan endurtekin Viljandi: óbein aukaspyrna	Óviljandi eða viljandi: óbein aukaspyrna
<b>Boltanum spyrnt aftur á bak</b>	Óbein aukaspyrna	Óbein aukaspyrna
<b>Ólögleg gabbspyрна</b>	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann	Óbein aukaspyrna og áminning á spyrnandann
<b>Rangur spyrnandi (ekki sá auðkenndi)</b>	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan	Óbein aukaspyrna og áminning á rangan